

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 593/2014****2020/EES/26/03****frá 3. júní 2014****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form tilkynninga samkvæmt 1. mgr. 16. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði <sup>(1)</sup>,  
einkum 5. mgr. 16. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 er þess krafist að lögbært yfirvald í heimaaðildarríki evrópsks áhættufjármagnssjóðs (EuVECA) tilkynni lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkjunum og Evrópsku verðbréfamarkaðs-  
eftirlitsstofnuninni (ESMA) um atvik sem tengjast vegabréfum rekstraraðila viðurkenndra áhættufjármagnssjóða. Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 er þess einnig krafist að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu tilkynni lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu um að rekstraraðili evrópsks áhættufjármagnssjóðs hafi verið tekinn af skránni.
- 2) Þar sem sérstakt upplýsingatækniþól fyrir slíkar tilkynningar hefur ekki enn verið þróað af Evrópsku verðbréfamarkaðs-  
eftirlitsstofnuninni er réttast að nota tölvupóst fyrir þessa gerð tilkynninga á milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku  
verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Því ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að gera skrá yfir  
viðeigandi tölvupóstföng og kynna hana öllum lögbærum yfirvöldum.
- 3) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlits-  
stofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 4) Vegna takmarkaðs umfangs og áhrifa að því er varðar form tilkynninga og að teknu tilliti til þess að aðeins lögbær  
yfirvöld munu nota sérstöku eyðublöðin sem útbúin hafa verið hafði Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki  
samráð við almenning varðandi kynningu á þessum tilkynningareyðublöðum. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlits-  
stofnunin leitaði eftir álitni hagsmunahóps um verðbréfastarfsemi hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni sem  
komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Efni**Reglugerð þessi ákvarðar form tilkynninga á milli lögbærra yfirvalda og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar  
um eftirlitsupplýsingar tengdar atvikum sem kveðið er á um í 1. mgr. 16. gr. og 3. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013.*2. gr.***Form tilkynningarinnar**Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki evrópsks áhættufjármagnssjóðs skal tilkynna í tölvupósti til lögbærra yfirvalda í  
gístiaðildarríki og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um atvik sem sett eru fram í 1. mgr. 16. gr. og 3. mgr.  
21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013, með því að fylla út í eyðublaðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2014, L 165, 4.6.2014, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2018 frá  
23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusam-  
bandsins* nr. 6, 30.1.2020, bls. 51.

<sup>(1)</sup> Stj. 2013, L 115, 25.4.2013, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska  
verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (Stj. 2010, L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. gr.

### **Skrá yfir tölvupóstföng**

Sérhvert lögbært yfirvald skal senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni viðeigandi tölvupóstfang vegna tilkynninga um eftirlitsupplýsingar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal upplýsa öll lögbær yfirvöld um skrána yfir viðeigandi tölvupóstföng, þ.m.t. viðeigandi tölvupóstfang Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

4. gr.

### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júní 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

**Tilkynning um skráningu rekstraraðila evrópsks áhættufjármagnssjóðs (EuVECA) eða uppfærslu á upplýsingum sem þegar hafa verið tilkynntar**

Tilkynning um skráningu (*heiti yfirvalds*) á rekstraraðila EuVECA eða uppfærslu á upplýsingum sem þegar hafa verið tilkynntar

(*Heiti yfirvalds í heimaaðildarríki*) tilkynnir að:

(*Nafn rekstraraðila EuVECA*),

ásamt eftirfarandi samskiptaupplýsingum (*skráð heimilisfang rekstraraðila*)

er skráð af (*heiti yfirvalds*) í samræmi við 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 til að reka sjóðina sem tilgreindir eru í töflunni hér á eftir. Rekstraraðili hyggst markaðssetja EuVECA í þeim aðildarríkjum sem tilgreind eru í töflunni hér á eftir.

Heiti EuVECA	Lögheimili	Gistiaðildarríki

**Leiðbeiningar:**

Tilgreina skal hvort verið er að tilkynna breytingar á upplýsingunum sem komið hafa fram í fyrri tilkynningum: Já  Nei

Ef já, skal tilgreina upplýsingarnar sem á að breyta:

- Nýjum evrópskum áhættufjármagnssjóði bætt við.
- Nýju lögheimili bætt við vegna stofnsetningar EuVECA.
- Nýju aðildarríki bætt við þar sem rekstraraðilinn hyggst markaðssetja EuVECA.
- Hefur verið tekinn af landsskrá rekstraraðila EuVECA, í samræmi við b-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar um evrópska áhættufjármagnssjóði <sup>(1)</sup>.

\_\_\_\_\_

(1) Ef svo er, skal setja eftirfarandi í stað textans á eftir heimilisfangi rekstraraðila: „hefur verið tekinn af landsskrá rekstraraðila EuVECA, í samræmi við b-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar um evrópska áhættufjármagnssjóði.“